



Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 38. fundur sveitarstjórnar Blönduósbæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 13. júní 2017
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, forseti
Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður
Anna Margrét Jónsdóttir, 1. varaforseti
Zophonías Ari Lárusson, aðalmaður
Oddný María Gunnarsdóttir, 2. varaforseti
Valdimar Guðmannsson, varamaður
Sindri Páll Bjarnason, aðalmaður
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri
Þórður Pálsson, ritari
Sigrún Hauksdóttir

Fundargerð ritaði: Þórður Pálsson, ritari.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2016 - síðari umræða - 1706008

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun:

“Rekstrartekjur Blönduósbæjar árið 2016 námu 982,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er 86 millj. kr. hærrí tekjur en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Tekjur samstæðunnar hækka um 141,7 millj. á milli ára sem gerir um 17% hækkun tekna. Rekstrargjöld hækka um 57 millj. kr. milli ára eða um 7,3 %. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 90,4 millj. kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta er jákvæð um 54 millj.kr. Skuldir og skuldbindingar samtals eru 1.237.194 þús.kr. í árslok 2016 en voru 1.204.728 þús.kr. árið á undan. Tekin voru ný langtímalán að upphæð 70,0 millj.kr. Afborganir langtímalána ársins 2016 voru 79,7 millj.kr. Eigið fé samstæðunnar um síðustu áramót var 658.896 þús.kr. Skuldahlutfall Blönduósbæjar fer lækkandi úr 143,2% í 125,9% í árslok 2016 en skuldaviðmið samkvæmt reikningsskilareglum er 112,1% miðað við 128,3% árið á undan. Skuldaviðmið A-hluta Blönduósbæjar er 89,2% í árslok 2016.

Sveitarstjórn vill þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góð störf á liðnu ári.

Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

Þorsteinn Þorsteinsson fór yfir ársreikning bæjarins og skýrði hann.

Þorsteinn Þorsteinsson og Sigrún Hauksdóttir sátu fundinn undir þessum lið.

Gestir

Þorsteinn Þorsteinsson - 17:00

Sigrún Hauksdóttir - 17:00



2. Byggðaráð Blönduósbæjar - 88 - 1705010F

Fundargerð 88. fundar byggðaráðs lögð fram til afgreiðslu á 38. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liður 2.5 og 2.6 þarfnast sérstakar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2.1 **1705040 - Samband íslenskra sveitarfélaga - fundargerð 19. maí 2017**

2.2 **1705042 - Farskólinn - fundargerð frá aðalfundi 10. maí 2017**

2.3 **1705044 - Veiðifélag Laxár í Skefilsst.hr. - Aðalfundarboð 2017**

2.4 **1705043 - Gistiheimilið Kiljan ehf**

Afgreiðsla 88. fundar byggðaráðs staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 5 atkvæðum, OMG er á móti og VG situr hjá.

2.5 **1610001 - Framkvæmdir 2017**

2.6 **1611001 - Ámundakinn ehf. - Umsókn um lóð**

Afgreiðsla 88. fundar byggðaráðs staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 6 atkvæðum. Valgarður Hilmarsson vék af fundi meðan á umræðum og afgreiðsla fór fram.

3. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 31 - 1705009F

Fundargerð 31. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar Blönduósbæjar lögð fram til afgreiðslu á 38. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liður 3.1, 3.2, 3.3 og 3.6 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3.1 **1704014 - Hlíðarbraut 19 - Umsókn um byggingarleyfi - Breytingar á bílskúr o.fl.**

Afgreiðsla 31. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.

3.2 **1611001 - Ámundakinn ehf. - Umsókn um lóð**

Afgreiðsla 31. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 6 atkvæðum, VH vék af fundi við afgreiðslu.

3.3 **1702005 - Deiliskipulag á Hnjúkabyggðarreit**

Afgreiðsla 31. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.

3.4 **1511029 - Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Blönduósi.**

Afgreiðsla 31. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.



3.5 **1705045 - Húnabraut 33 - Umsókn um að reisa minnismerki**

3.6 **1705046 - Skólalóð - Umsókn um leyfi til að setja upp leiktæki.**

Afgreiðsla 31. fundar Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.

4. Fræðslunefnd Blönduósbæjar - 20 - 1705006F

Fundargerð 20. fundar Fræðslunefndar Blönduósbæjar lögð fram til afgreiðslu á 38. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina. Liður 4.1 og 4.2 þarfnast sérstakrar afgreiðslu, fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4.1 **1705035 - Skóladagatal Barnabæjar 2017 - 2018**

Afgreiðsla 31. fundar Fræðslunefndar Blönduósbæjar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.

4.2 **1705036 - Starfsmannamál Barnabæjar**

Afgreiðsla 31. fundar Fræðslunefndar Blönduósbæjar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.

4.3 **1705037 - Kynning á foreldra- og starfsmannakönnun Barnabæjar**

5. Landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar - 14 - 1706001F

Fundargerð 14. fundar Landbúnaðarnefndar Blönduósbæjar lögð fram til afgreiðslu á 38. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.

5.1 **1705038 - Refa- og minkaveiði**

5.2 **1706001 - Upprekstur hrossa**

Afgreiðsla Landbúnaðarnefndar staðfest á 38. fundi sveitarstjórnar 13. júní 2017 með 7 atkvæðum.

5.3 **1706002 - Göngur og réttir 2017**

6. Bókun 1 - umbótaáætlun fyrir Blönduskóla - 1706007

Í nýjasta kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara er Bókun 1. Fyrir fundinum lá skýrsla með aðgerðaráætlun fyrir Blönduskóla sem unnin var skv. bókun 1 í kjarasamningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Anna Margrét Jónsdóttir kynnti skýrsluna og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn þakkar þeim sem verkið unnu fyrir vel unnið starf.



7. Skýrsla sveitarstjóra - 1510028

Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri fór yfir helstu atriði í störfum sínum.

8. Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduósbæjar - 1506010

a) Kjör forseta sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Fram kom tillaga um Valgarð Hilmarsson. Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 6 atkvæðum OMG situr hjá.

b) Kjör 1. varaforseta sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Fram kom tillaga um Önnu Margréti Jónsdóttir. Tillagan borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c) Kjör 2. varaforseta sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Fram kom tillaga um Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur. Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

d) Kjör 3 aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa í byggðaráð Blönduósbæjar.

Aðalmenn:

Zophonías Ari Lárusson af L-lista

Guðmundur Haukur Jakobsson af L-lista

Hörður Ríkarðsson af J-lista,

Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

Varamenn:

Anna Margrét Jónsdóttir af L-lista,

Anna Margret Sigurðardóttir af L-lista,

Oddný María Gunnarsdóttir af J-lista.

Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

Tillaga kom fram um Guðmund Hauk Jakobsson af L-lista sem formann

Var það samþykkt með 6 atkvæðum OMG situr hjá.

Tillaga kom fram um Zopanías Ara Lárusson af L-lista sem varaformann

Var það samþykkt með 6 atkvæðum OMG situr hjá.

9. Ákvörðun um sumarleyfi sveitarstjórnar Blönduósbæjar - 1506011

Forseti bar upp tillögu um að sveitarstjórn taki sumarfrí frá 15. júní til 15. ágúst 2017 og felur byggðaráði fullnaðarafgreiðslu mála á meðan. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:45



Sveitarstjórn Blönduósbaejar

Valgarður Hilmarsson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Anna Margrét Jónsdóttir

Zophonías Ari Lárusson

Oddný María Gunnarsdóttir

Valdimar Guðmannsson

Sindri Páll Bjarnason

Arnar Þór Sævarsson

Þórður Pálsson

Sigrún Hauksdóttir
